

Fundargerð stjórnar foreldrafélags Grunnskóla Fjallabyggðar

Miðvikudaginn 7. nóvember 2018, kl. 17, á Ólafsfirði

Mættar voru: Diljá Helgadóttir, formaður, Bjarney Lea Guðmundsdóttir, gjaldkeri, Katrín Freysdóttir, ritari, Katrín Sif Andersen, Björk Óladóttir, Guðrún Þorvaldsdóttir og Erla Gunnlaugsdóttir, skólastjóri.

1. Innheimta árgjalds. Innheimtan er hafin og fer vel af stað. Ákveðið var að formaður myndi senda tölvupóst til foreldra til að kynna starf félagsins.
2. Jólafröndur: Félaginu barst bréf frá Heimaföndri Halldóru. Ákveðið var að panta það sama fyrir alla, þ.e. 1.-6. bekk. Fyrir valinu varð, Göngum við í kringum. Ritari tók að sér að panta föndrið. Formaður ætlar að senda tölvupóst á foreldra til að kynna föndrið og fyrirkomulagið. Guðrún Þorvaldsdóttir ætlar að semja tölvupóst til að senda til umsjónarkennurum, 1.-6. bekkjar, sem síðan senda póstinn áfram til jólahópa bekkjanna.
3. Sigga Dögg. Fyrirhugað er að Sigga Dögg verði með fyrirlestur þann 6. febrúar 2019, fyrir bæði nemendur og foreldra. Upp kom umræða um hvort halda ætti opna fyrirlestra á öðrum stað en í skólanum, til að ná til fleiri en foreldra nemanda. Björk Óladóttir ætlar að tala við Ástu í Tjarnaborg, til að athuga með afslátt fyrir foreldrafélagið.
4. Fræðsla um örugga netnotkun. Skólinn er ekki búinn að finna fyrirlesara, það er í vinnslu. Foreldrafélagið mun styrkja þá fræðslu. Þá kom upp sú spurning um að fá fyrirlesara til að kenna foreldrum að læsa snjallatækjum barna sinna, til að sporna við niðurbrotum á óæskilegu efni. Skólastjóri nefndi Ingva Hrafn, á Sauðárkróki. Formaður ætlar að kanna þetta.
5. Önnur mál. Umræður spunnust um öryggi barna í umferðinni, þegar svona dimmt er úti. Kom upp sú hugmynd að finna húfur með endurskini. Bjarney Lea Guðmundsdóttir ætlar að kanna þetta.

Fundi slitið kl. 17:55

Katrín Freysdóttir, ritari